

Sent landbúnaðarnefnd Alþingis

Reykjavík 12. júní 2003
2003030015/016-1
SB/hj

Álit á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim

Vísað er til bréfs landbúnaðarnefndar frá 26. mars 2003 þar sem óskað er eftir álit á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Ofangreindar lagabreytingar snúast um innleiðingu tilskipunar 91/67/EBE í íslenskan rétt og þar með rýmkun á innflutningsleyfi fyrir lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöðvum í EES löndum til íslenskra eldisstöðva.

Náttúrufræðistofnun Íslands vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum:

Af frumvarpinu og greinargerð með því má marka að áhyggjur yfirvalda af innflutningi á lifandi eldisdýrum snúist einvörðungu um sjúkdómavarnir og að ekki sé unnt að setja takmarkandi reglur varðandi innflutning slíkra dýra á öðrum forsendum. Innflutningur lifandi dýra og hugsalegt stök þeirra út í villta náttúru er þó ekki síður vistfræðilegt áhyggjuefni, og þar með náttúruverndarmál, sem snertir íslenska náttúruverndarlöggjöf og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að svo sem Ríósamninginn um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu.

Fordæmi eru fyrir því að Evrópudómstóllinn hefur tekið staðbundin verndarsjónarmið fram yfir grein 30 (nú 28) í stofnsamningi ESB-sáttmálans um frjálsa verslun. Í því sambandi má nefna mál danska ríkisins gegn Ditlev Bluhme sem Evrópudómstóllinn dæmdi á endanum danska ríkinu í hag (ECJ Case C-67/97). Málið snerist um innflutning hunangsflugna til eyjarinnar Læsö þar sem fyrir er staðbundinn stofn

býflugna "Læsö brown bee" og verndaður var með dönskum lögum (Lov om bavl no 115/1982). Danska ríkið hélt því fram að innfluttar hunangsflugur myndu keppa við og blandast staðarstofninum þannig að honum stafaði hættu af. Sækjandi málsins dró hinsvegar í efa að um líffræðilegan "staðarstofn" væri að ræða og hélt því hinsvegar fram að bann við innflutningi annarra hunangsflugustofna fæli í sér innflutningshömlur og brot á 30. grein ESB-sáttmálans. Með tilvitnun í m.a. Ríósamninginn um líffræðilega fjölbreytni dæmdi Evrópudómstóllinn a) að landslög sem hindruðu innflutning annarra stofna en staðarstofns (í þessu tilviki "Læsö brown bee") væru vissulega aðgerð sem samsvaraði magnbundnum viskiptahindrunum í skilningi 30. greinar (nú 28), en b) að landslögin í þessu tilviki væru réttlætunleg samkvæmt grein 36 (nú 30) vegna "verndaraðgerða fyrir heilsu og líf dýra" (.. "the portection of health and life of humans, animals and plants,"....).

Með þessum dómi hefur Evrópudómstóllinn viðurkennt að "health and life of humans, animals and plants" snýst ekki einvörðungu um sjúkdómavarnir heldur ekki síður náttúruvernd og vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Þetta er sjónarmið sem þarf að styrkja í öllum íslenskum lögum sem snerta innflutning dýra og plantna, sbr að enn hefur ekki verið sett reglugerð um innflutning dýra sem kveðið er á í náttúruverndarlögum, og ætti að skoðast varðandi þær lagabreytingar sem eru hér til umræðu. Ef til vill er ekki unnt að nota "danska fordæmið" til að koma algerlega í veg fyrir innflutning eldisdýra, en a.m.k. ætti það að geta styrkt staðbundnar verndaraðgerðir á svæðum þar sem um er að ræða viðurkennda staðbundna stofna fiska og annarra vatnadýra.

Stofnar íslenskra laxfiska eru mjög verðmætir og það er álit Náttúrufræðistofnunar Íslands að takmarka eigi eins og kostur er innflutning á framandi laxfiskum til að draga úr hættu á erfðamengun. Að leita beri leiða til að koma í veg fyrir innflutning á lifandi laxfiskum með vísun til alþjóðlegra samninga og ályktana alþjóðsamfélagsins um hættu af völdum framandi lífvera.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir því ekki með að Alþingi samþykki þá opnu heimild fyrir innflutningi á laxfiskum sem felst í þessu frumvarpi.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS